

Hollvinasamtök Reykjalundar  
Ársreikningur  
2019

Hollvinasamtök Reykjalundar  
Neðstaleiti 1  
103 Reykjavík

Kt. 601213-1760

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla stjórnar

---

Í stjórn árið 2019 voru Bryndís Haraldsdóttir, formaður, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, varaformaður, Sigurþór Charles Guðmundsson, Örn Kjærnested, Haukur F. Leósson, Jón Árni Ágústsson, varamaður, Sólrún Björnsdóttir, varamaður.

Hollvínasamtök Reykjalundar hafa það að markmiði sínu að styðja við starfsemi Reykjalundar.

Skráður fjöldi félaga 31. desember 2019 var 348 en 261 höfðu greitt félagsgjaldið sem er kr. 6.000.

Helsta verkefni samtakanna á þessu starfsári var að gefa Reykjalundi hjartaómtæki að verðmæti 8.293.219 kr.

Stjórn samtakanna staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2019.

Mosfellsbæ, 15. júní 2021

Bryndís Haraldsdóttir

Orð fullt  
Fagmælingu fjikharðsdóttir  
Haukur Leósson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Hollvinasamtaka Reykjalundar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hollvinasamtaka Reykjalundar („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni qert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 16. júní 2021

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Félagsgjöld .....	2	1.757.000	1.470.000
Framlög og styrkir .....	3	195.469	95.500
		<u>1.952.469</u>	<u>1.565.500</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Gjafir og styrkir til Reykjalundar .....	4	6.688.080	10.262.778
Annar kostnaður .....	5	706.411	530.019
		<u>7.394.491</u>	<u>10.792.797</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur .....	(	5.442.022)	( 9.227.297)
Fjármunatekjur .....		<u>27.183</u>	<u>21.957</u>
<b>Gjöld umfram tekjur ársins .....</b>	6	<u>( 5.414.839)</u>	<u>( 9.205.340)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

---

	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>Eignir</b>		
Handbært fé .....	413.467	5.828.306
Veltufjármunir samtals	<u>413.467</u>	<u>5.828.306</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u><u>413.467</u></u>	<u><u>5.828.306</u></u>
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé .....	6 413.467	5.828.306
Eigið fé samtals	<u>413.467</u>	<u>5.828.306</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	<u><u>413.467</u></u>	<u><u>5.828.306</u></u>



# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningssskilum.

Samtökin voru stofnuð 2. nóvember 2013.

## 2. Félagsgjöld

Félagsgjöld eru færð eftir innborgunum en 261 félagsaðilar greiddu félagsgjöld að upphæð 1.757 þús. á árinu. Ógreidd félagsgjöld þeirra sem skráð hafa sig í samtökin námu 990 þús. kr. í árslok 2019 og hafa þau ekki verið færð til tekna. Þar ef er ógreitt vegna félagsgjalda 2019 528 þús. og vegna félagsgjalda 2018 462 þús. Samkvæmt lögum félagsins skal fella viðkomandi aðila af félagaskrá sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma.

## 3. Framlög og styrkir

Framlög og styrkir til samtakanna námu 195.469 kr. á árinu 2019, þar af nam framlag frá KPMG ehf. 50.000 kr. og áheiti úr Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka námu 145.394 kr.

## 4. Gjafir og styrkir til Reykjalundar

Á reikningsárinu gáfu samtökin Endurhæfingarmiðstöðinni Reykjalundi eina gjöf, hjartaómtæki að verðmæti 8.293.219 kr. Kostnaðarverð tækisins nam 6.688.080 kr. að frádregnum niðurfelldum virðisaukaskatti.

## 5. Annar kostnaður

Annar kostnaður greinist þannig:	2019	2018
Endurskoðun .....	288.126	273.346
Auglýsingar .....	316.762	92.518
Afskrifaðar kröfur .....	0	120.000
Þjónustgjöld banka .....	101.523	44.155
Samtals .....	<u>706.411</u>	<u>530.019</u>

## 6. Eigið fé

Breytingar á eigin fé greinast þannig:	2019	2018
Eigið fé í upphafi árs .....	5.828.306	15.033.646
Gjöld umfram tekjur ársins .....	( 5.414.839)	( 9.205.340)
Eigið fé í lok árs .....	<u>413.467</u>	<u>5.828.306</u>